

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja vegna iðnaðarsvæðis í Viðlagafjöru.

Skipulagsstofnun staðfesti 3. janúar 2023 breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 1. desember 2022.

Í breytingunni felst að syðri hluti efnistökusvæðis E-1 í Viðlagafjöru er skilgreindur sem iðnaðarsvæði I-3 og er svæðið jafnframt stækkað til suðurs vegna áforma um allt að 11.500 tonna landeldi. Lagður verður nýr aðkomuvegur að iðnaðarsvæðinu úr suðri um núverandi vegslóða. Efnistökuheimildir á E-1 haldast óbreyttar. Óbyggt svæði ÓB-3 minnkar lítillega vegna áformanna.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 3. janúar 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 18. janúar 2023